

Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Frá: Eygerður Margrétardóttir <eygerdur.margretardottir@samband.is>
Sent: föstudagur, 18. júní 2021 11:37
Afrit: Eygerður Margrétardóttir (External)
Efni: Sveitarfélögin og aðlögun að loftslagsbreytingum - fundur þann 23. júní kl 9:00

Flokkar: Vistað í OneCRM; 2106052
One: -1

Sent til allra sveitarfélaga

Góðan dag.

„Sveitarfélögin og aðlögun að loftslagsbreytingum“ verður viðfangsefni streymisfundar þann miðvikudaginn 23. júní kl. 09:00-10:30. Skráningartengill á fundinn verður aðgengilegur á heimasíðu sambandsins eftir helgi.

Samband íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytið boða til streymisfundar til að kynna og ræða hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Aðlögun að loftslagsbreytingum vísar til þess hluta loftslagsaðgerða sem miða að því að auka viðnámsþrótt samfélaga gagnvart loftslagsvá. Nýverið var sett í [Samráðsgátt hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum](#) sem drög að fyrstu stefnu Íslands um viðfangsefnið. Vert er að vekja athygli á að umsagnarfræstur verður framlengdur fram í júlí svo að sveitarfélög hafa rýmri frest til að kynna sér málið. Í framhaldi af gerð hvítbókar á að samþykkja stefnu og skipuleggja áætlanagerð vegna aðlögunar. Sveitarfélög hafa ríku hlutverki að gegna vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum en í öðrum löndum eru þau mikilvægir aðilar þegar kemur að skipulagi og framkvæmd aðlögunaraðgerða. Markmið fundarins er að hefja frekara samtal um þessa hlið loftslagsmála og hvernig best er hægt að tryggja þátttöku sveitarfélaga í vinnu vegna aðlögunar sem hvítbókin markar upphaf að.

Dagskrá:

- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra,
 - inngangsorð um aðlögun.
- Halla Sigrún Sigurðardóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu loftslagsmála,
 - kynning á viðfangsefninu, vinnunni við hvítbók og næstu skrefum.
- Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
 - nokkur orð um aðkomu sveitarfélaga að aðlögun að loftslagsbreytingum

Umræður og spurningar.

Með kveðju,



Eygerður Margrétardóttir
sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum
Beint innval: 515 4942
Netfang: eygerdur.margretardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.